

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Á fyrsta fundi kýs borgarstjórn forseta borgarstjórnar og fjóra varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs og síðan í júní ár hvert. Fyrsti, annar, þriðji og fjórði varaforseti gegna, í þeirri röð, störfum forseta í forföllum hans.

2. gr.

20. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Borgarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum borgarstjórnar.

Hver borgarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að vikja frá þessu ef um er að ræða borgarstjóra eða framsögumann svo og borgarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvor.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Borgarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað. Borgarfulltrúar skulu þó að jafnaði veita andsvör og gera stuttar athugasemdir úr sæti sínu.

3. gr.

1. mgr. 23. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Við umræðu um mál skv. 4. tölul. 2. mgr. 10. gr. má ræðutími í fyrstu ræðu vera allt að tíu mínútur. Ræðutími í seinni ræðum má vera allt að fimm mínútur. Hið sama gildir um ræður borgarstjóra. Við umræður um önnur mál, fundargerðir skv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. og við umræður utan dagskrár er ræðutími takmarkaður við fimm mínútur.

4. gr.

1. mgr. 28. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Atkvæðagreiðsla fer að jafnaði fram með rafrænum hætti en að öðrum kosti með handaupprettingu. Borgarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá borgarfulltrúa sem samþykkja að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

5. gr.

32. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Varamenn taka sæti í borgarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til borgarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við kosningu í nefnd, ráð eða stjórn í borgarstjórn geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir taki sæti hans í borgarstjórn í forföllum aðalmanns í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyrri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram, taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

6. gr.

Á eftir 1. mgr. 50. gr. samþykktarinnar kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Tilnefna skal varamenn í forsætisnefnd sem taka sæti á fundum hennar þegar fulltrúar eru forfallaðir. Hið sama gildir um varaáheyrnarfulltrúa.

7. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 67. gr. samþykktarinnar:
Í stað orðsins „sveitarstjórn“ kemur: borgarstjórn.

8. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 83. gr. samþykktarinnar:
Í stað orðsins „sveitarfélagsins“ kemur: Reykjavíkurborgar.

9. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 2. nóvember 2018.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.